



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

MALARNÁM Í LANDI MÓA.
Könnun unnin fyrir Steypustöðina hf.

Skúli Víkingsson

OS-83050/VOD-24 B

Júní 1983



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

MALARNÁM Í LANDI MÓA.
Könnun unnin fyrir Steypustöðina hf.

Skúli Víkingsson

OS-83050/VOD-24 B

Júní 1983

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 INNGANGUR	3
2 VESTAN NÁMU	3
3 BOTN NÁMU	3
4 NIÐURSTÖÐUR	4
COBRABORUN (tafla)	5

1 INNGANGUR

Verk þetta var unnið fyrir Steypustöðina hf, samkvæmt samningi milli hennar og Orkustofnunar, og verklýsingu í bréfi dags. 16. maí 1983. Skýrslu hefur verið skilað um athuganir í landi Esjubergs (OS-83043/VOD-22).

2 VESTAN NÁMU

Við vorum sérstaklega beðnir um að athuga efni vestan námunnar þar sem sumarbústaður og hesthús standa. Sandefni kemur fram í bakka við bústaðinn en í læknum er alls staðar klöpp, eins í brúninni við sjóinn. Á melum vestan bústaðarins er kantað grjót í yfirborði og líklega skammt á klöpp. Umhverfis hesthúsið eru laus jarðlög þunn þar sem lækurinn rennur á klöpp, farvegur hans er grunnur og ekkert bendir til sandefnis. Efnið þarna vestan námunnar var áætlað 5000 m³. Tveir hælar (MCO1 og MCO2) voru settir þar sem efnið ætti að vera þykkast. Ef eitthvert efni hefði reynst vera þarna var meiningin að auka við holum út frá þessari línu, en ekki reyndist vera þörf á því.

3 BOTN NÁMU

Vestasti hluti námunnar er dálítið flatbotna, sem gæti bent til einhvers efnis þar. Settur var einn hæll (MC11) niður milli slóðar og sjávar, en 100 m norðaustar er komið að bogamynduðum bökkum námunnar. Þar sýna klappabrot og fínefnisríkt set í botni að þar er ekkert sandefni undir. Cobraborinn komst í 2,6 m í MC11 og lenti þar á föstu. Að austan (námumegin) markast þessi bogi af jökulýttu sjávarseti (jökulruðningi) sem skilinn hefur verið eftir enda ónothæft efni í steypu, en að norðan og vestan eru um 5-10000 m³ af sendnum efnisleifum.

Aðalhluti námunnar markast af námubökkunum að norðan og austan. Þeir eru úr ýmis konar efni þar sem til sést, en opnur eru slæmar þar sem afgangsefni úr námunni hefur verið ýtt upp að stálinu. Mikið er af "jökulruðningshryggjum". Í miðri námu kemur berggrunnurinn í ljós á stórum hluta botnsins en næst sjónum og austast sést hann ekki en þar er aftur víða að sjá jökulruðning. Hann kemur víða fram í

stáli og þar sem lækur fellur úr námunni niður brattan bakka niður í sjó hefur hann skolað ofan af jökulruðningi, sem nær upp á brún, svo að líkur á sandefni í botni námunnar eru litlar. Einn hæll var þó settur utarlega (MC21) og annar 100 m norðaustar (MC22) (stefna 55 gráður). Frá þeim hæl eru 80 m í sömu stefnu að stáli en 40 m til suðausturs. Eitthvað álíka langt er í bergið til norðvesturs. Cobraborinn komst ekkert niður í þessum tveim holum (0,6 og 0,3 m).

Náman hefur breyst verulega síðan kort voru gerð og loftmyndir teknar, svo að nákvæmar staðsetningar verða ekki gerðar nema með landmælingu og að mínum dómi eru þær óþarfar.

4 NIÐURSTÖÐUR

Vestan námunnar má fá um 5000 m³ efnis undan sumarbústað sem þar stendur og má ljóst vera að ekki borgar sig að hrófla við honum.

Í botni námunnar virðist vera sáralítið eftir. Austan við hana setur sumarbústaður og raflína í hann útvíkkun mörk. Vinnsla til norðurs hefur stöðvast vegna þess að efnið þynnist þangað smám saman eftir því sem klöppin hækkar. Niðurstaðan verður því sú að hvergi eru nein uppgrip af efni, en hreinsun námunnar getur gefið allnokkurt efni þegar allt er tekið, en ljóst virðist að verulegur hluti efnisins þurfi þvott.

ORKUSTOFNUN
VATNSORKUDEILD
83.06.24 MG/sv

Móar

COBRABORUN
STEYPUSTÖÐIN hf
BLAÐ 01

Hnitakerfi:		Hæð	Nafn	Dýpt	Borað	Athugasemd
X-hnit	Y-hnit	yfir- borðs	punkts	holu	niður í hæð	gerð þegar hætt var að bora
(m)	(m)	(m)		(m)	(m)	
			MC01	2.60		Stopp
			MC02	1.70		Stopp
			MC11	2.60		Fast
			MC21	0.60		Stopp
			MC22	0.30		Fast